



Reykjavík, 16. febrúar 2026

VEL26020030

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

---

### Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Framsóknarflokksins um vistun barna í Bakkakoti á Suðurlandi

Þann 4. febrúar 2026 lagði fulltrúi Framsóknarflokksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn:

*Óskað er eftir upplýsingum um hvort að börn hafi verið vistuð af Barnavernd Reykjavíkurborgar í Bakkakoti á Suðurlandi. Hafi það verið gert er óskað eftir upplýsingum um hvernig eftirliti með vistun barna í Bakkakoti var háttað.*

Fyrirspurninni fylgir svohljóðandi greinargerð:

*Um árabil voru börn vistuð í fóstri á Bakkakoti á Suðurlandi. Einstaklingar sem þar voru vistaðir sem börn hafa nú komið fram opinberlega og greint frá óviðunandi aðstæðum á bænum og andlegu, líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi sbr. umfjöllun Kveiks frá 3. febrúar sl. Óskað er eftir upplýsingum um hvort að Barnavernd Reykjavíkurborgar vistaði börn í Bakkakoti. Hafi það gerst er óskað eftir upplýsingum um hvernig eftirliti var háttað.*

### Svar:

Samkvæmt upplýsingum úr málaskrá félagsmálayfirvalda í Reykjavík voru 30 börn vistuð í Bakkakoti á vegum Reykjavíkurborgar á tímabilinu 1999–2005. Aldur barnanna á tímabili vistunar er frá 7 ára til 17 ára en viðkomandi einstaklingar eru fædd á árabilinu 1982–1996. Langflest voru þau í sumardvöl en ekki liggur fyrir hversu lengi hvert barn dvaldist eða hversu oft. Unnið er að því að afla þeirra upplýsinga.

Núverandi málaskrá Barnaverndar Reykjavíkur nær frá árinu 2002, en hefur í einhverjum tilvikum að geyma gögn og upplýsingar sem eru eldri en það. Eldri (stafræn) málaskrá félagsmálayfirvalda í Reykjavík sem enn er aðgengileg nær til ársins 1995, en skilar ekki eldri upplýsingum en frá árinu 1999 við leit. Verið er að leita skýringa á því.

Til að finna gögn sem eru eldri en frá 1999 þarf að ráðast í umfangsmikla leit í skjalageymslum og vinna úr gögnum um vistanir og handtelja. Ekki er ljóst hversu skýrt það er í þeim gögnum hvar börn voru vistuð, þó gögnin beri það með sér að um vistun eða beitingu vistunarúrræða hafi verið um að ræða. Hafin er leit að skjölum í samvinnu



**Reykjavík**



við Borgarskjalasafn og Þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar í þeirri viðleitni að ná saman yfirliti. Einnig hefur verið rætt við starfsmenn barnaverndar og félagsþjónustu sem voru starfandi á þessum tíma og eru starfandi enn í dag. Þeirri vinnu er ekki lokið.

Hafin er skoðun á því hvernig eftirliti var háttað á þessum tíma, þ.e. hvernig lagaumhverfið var hvað það varðar. Hefur lögfræðingum Barnaverndar Reykjavíkur verið falið að útbúa álitsgerð.

